

## 7. fundur hússtjórnar Þjóðveldisbæjarins í Þjórsárdal

haldinn á Teams þann 15. janúar 2024, kl. 14:00

Mættu voru: Guðmundur Finnbogason, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Harpa Þórsdóttir og Vilhelmína Jónsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð þessa.

### Fundur í forsætisráðuneyti um lóðamál þjóðveldisbæjarins

VJ sagði frá fundi í forsætisráðuneytinu sem fram fór 8. janúar sl. Fundinn sátu sérfræðingar forsætisráðuneytisins í þjóðlendumálum, þau Regína Sigurðardóttir og Sigurður Örn Guðleifsson, sveitarstjóri Skeiða- og Gnúpverjahrepps Haraldur Þór Jónsson og Sylvía Karen Heimisdóttir fjármálastjóri sveitarfélagsins, ásamt VJ.

Eftir rækilega yfirferð og umræður á fundinum, þar sem fjallað var um lóðamál þjóðveldisbæjarins, var niðurstaða sérfræðinga forsætisráðuneytisins að hagfelldasta lausnin væri að stofna tvær lóðir, þ.e.:

- Lóð A undir þjóðveldisbæinn sjálfan. Þjóðveldisbærinn (og hússtjórnin) mun fá umráð hennar og þarf ekki að auglýsa þessa ráðstöfun sérstaklega.
- Lóð B undir þjónustuhús og bílastæði. Sveitarfélagið mun hafa þessa lóð til umráða. Hjá sérfræðingum forsætisráðuneytisins kom fram að á grundvelli þess þjónustusamnings sem nú þegar er við rekstraraðila á staðnum þyrfti ekki að auglýsa afnot af lóðinni upp á nýtt enda var notkunin rækilega auglýst á sínum tíma. Í samkomulagi sem sveitarfélagið mun gera við forsætisráðuneytið um lóðina þarf að taka fram afnotin sem nú þegar hafa farið í gegnum auglýsingaferli.

Umræður fóru fram.

Formaður hússtjórnar, GF, bar framangreinda útfærslu lóðamála undir atkvæði stjórnarmanna. Samþykkt einróma af öllum stjórnarmönnum að vinna að skipulagi lóðamála við þjóðveldisbæinn samkvæmt framangreindu.

BHÁ mun setja málið í viðeigandi farveg hjá sveitarstjórn og vinna því framgang þar. Nauðsynlegt er að stofna og skrá lóðir með viðeigandi hætti.

BHÁ mun einnig hafa samband við Sigurð Unnar Sigurðsson um að ljúka gerð deiliskipulags fyrir svæðið og lóðirnar á framangreindum forsendum, mæla og hnitsetja.

GF mun upplýsa rekstraraðila um framangreint og framgang málsins.

### Innviðamál

Umræður fóru fram um aðkallandi innviðamál við þjóðveldisbæinn. Umræður fóru fram um aðkomu sveitarfélagsins að þeim verkefnum í ljósi breyttrar stöðu varðandi lóðamálin og að sveitarfélagið hafi yfirráð lóðar fyrir þjónustuhús og bílastæði.

GF telur að brýnt sé að hefjast handa við að koma fyrir nýrri rotþró á staðnum og ásættanlegri fráveitu. Þá er brýnt að huga að rafmagnsmálum fyrr en seinna.

Framangreind verkefni varða lóð sveitarfélagsins og byggja á nýju skipulagi og þess vegna skiptir máli að sveitarfélagið sé tilbúið að taka ákvarðanir hratt.

BHÁ mun ræða við sveitarstjórn um áætlanir þeirra í þessum verkefnum og upplýsa stjórnina hið fyrsta.

### **Tímalína**

Tímalína nauðsynlegra verkefna og næstu mánaða rædd sem og nauðsynleg skýrslugerð.

Ákveðið að næsti fundur verður boðaður þegar BHÁ hefur fengið nánari upplýsingar frá sveitarfélaginu varðandi þátttöku í innviðauppbýggingu sem og frekari útfærslu skipulagsgerðar á svæðinu.

### **Afmæli Þjóðveldisbæjar 2027, 50 ára**

GF upplýsti að Þjóðveldisbærinn hefði verið vígður árið 1977. Því verða 50 ár frá vígslu hússins árið 2027. Rætt um möguleikann á því að bærinn yrði fullendurnýjaður það ár sem gæfi tilefni til að fagna afmælinu með viðeigandi hætti. Stjórnarmenn tóku allir mjög jákvætt í þessa framtíðarsýn.

Rætt um viðhaldspörf, bæði utan húss en jafnframt innan húss. Rætt um nauðsyn þess að kostnaðarmeta og forgangsraða verkefnum. Ljóst að tiltækt fjármagn Þjóðveldisbæjarins ræðst m.a. af því hversu stóran þátt hússtjórnin þarf að taka í innviðauppbýggingu við bæinn.

HÞ sagði frá verkefnasstyrk sem Þjóðminjasafn Íslands, í samstarfi við verkfræðideild HÍ fékk til að mæla raka og burðarvirki torfhúsa með varðveislu að markmiði. Rætt um möguleika á að tengja sambærileg verkefni við nauðsynleg viðhaldsverkefni í Þjóðveldisbænum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 14:50.